## Trúarbrögð og ofbeldi 30. mars 2016

Það er "alkunna," að Múhameð fór - eins og Jesús í eyðimörkinni - að sjá sýnir, eftir svelti í helli sínum í Arabíu forðum. Og samkvæmt spámönnunum hripaði hann niður orð hins almáttka áss, sem engillinn hvíslaði í eyra hans. Sumar kennisetninganna eru á pari við þær ofbeldisfyllstu í Bíblíunni sjálfri, en hún hafði þá verið í smíðum (líklega) í um tvær aldir. Kristin trú, ásatrú og Múhameðstrú hafa reynst stríðsæsingamönnum vel. En hvað með hin stóru trúarbrögðin, kennd við leiðtoga, sem urðu fyrir ámóta "vitrunum" og Jesús og Múhammeð?